

Umhverfisstofnun
Áb. _____
03. sep. 2012
Tilv. _____

Sorpurðun Vesturlands
Bjarnarbraut 8
310 Borgarnes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 31. ágúst 2012
Tilvísun: UST20120600072/edk

Gögn móttækin - eftirfylgni í kjölfar seinna eftirlits ársins 2011 lokið

Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 14. maí 2012 og eftirlitsskýrslu dagsetta 7. mars 2012 þar sem fjallað er um þrjú frávik sem komu fram við eftirlit þann 19. desember 2011. Umhverfisstofnun hafa nú borist gögn um úrbætur á tveimur frávikanna og umhverfisráðuneytið hefur skýrt stöðuna vegna þess þriðja.

Frávikin sem sem um ræðir eru eftirfarandi:

1. Kröfur um botnþéttingu og jarðfræðilegan tálma höfðu ekki verið uppfylltar þegar eftirlit fór fram.

Þann 23. ágúst sl. barst Umhverfisstofnun í tölvupósti ítarleg greinargerð um botnþéttingu, jarðfræðilegan tálma og söfnun sigvatns í Fíflholti í tengslum við umsókn um endurnýjun starfsleyfis. Tekin verður afstaða til þessara gagna við vinnslu nýs starfsleyfis.

2. Hauggassöfnun er ekki hafin í Fíflholti og var skráð sem frávik við eftirlit þar sem undanþága frá gassöfnun rann út þann 16. júlí 2011.


Umhverfisstofnun vísar í bréf stofnunarinnar, dags. 12. júlí 2012, þar sem skv. tilmælum umhverfisráðuneytisins, er óskað eftir að Sorpurðun Vesturlands sendi Umhverfisstofnun framkvæmdaáætlun um hauggassöfnun eigi síðar en 15. febrúar 2013. Hafi rekstraraðili ekki hug á að tryggja söfnun á hauggasi frá 16. júlí 2013 ber honum að hætta urðun lífræns úrgangs frá og með þeirri dagsetningu og tilkynna stofnuninni þessa ákvörðum fyrir 15. febrúar nk.

3. Umhverfisstofnun hafði ekki borist áhættumat og viðbragðsáætlun vegna mögulegrar hættu á bráðamengun þegar eftirlit fór fram.

Umrædd gögn bárust 23. ágúst sl. í tengslum við umsókn um endurnýjun starfsleyfis. Tekin verður afstaða til þessara gagna við vinnslu nýs starfsleyfis.

Í ljósi ofangreinds er ekki ástæða til frekari eftirfylgni vegna þeirra frávika sem fram komu við eftirlit með Sorpurðun Vesturlands í desember síðastliðnum. Málinu telst því lokið af hálfu Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllt


Sigrún Agústsdóttir
sviðsstjóri


Sigmundur Kristjánsson
deildarstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vesturlands